



## Nótan og nemendurnir



Sinfóníuhljómsveit áhugamanna í samvinnu við Nótuna,  
uppskeruhátíð tónlistarskólanna:

### Tónleikar í Seltjarnarneskirkju

laugardaginn 23. nóvember 2024, klukkan 16:00

Stjórnandi: Oliver Kentish

Einleikarar: Ásgerður Sara Hálfðanardóttir (píanó), Björney Anna Aronsdóttir (fiðla),  
Kamilla Kerekes (horn), Sigrún Klausen (fiðla) og Sigurjón Jósef Magnússon (flauta)

### Efnisskrá:

Carl Philipp Stamitz: Konsert fyrir flautu í G-dúr, op. 29, fyrsti kafli

Camille Saint-Saëns: Morceau de Concert fyrir horn, op. 94

Henryk Wieniawski: Scherzo-Tarantelle



Felix Mendelssohn: Fiðlukonsert í e-moll, op. 64, fyrsti kafli

Edvard Grieg: Píanókonsert, op. 16, fyrsti kafli




Aðgangseyrir er kr. 3000, afsláttarverð kr. 2000 fyrir nemendur og eldri borgara  
greiðist við innganginn eða inn á reikning 0137 05 18182, kt. 470497 2469

## UM TÓNVERK OG FLYTJENDUR




**Carl Philipp Stamitz** (1745-1801) var þýskt tónskáld af tékkneskum ættum og er gjarnan kenndur við svokallaðan Mannheim-skóla tónlistarmanna. Á unglingsárum lék hann á fiðlu í hirðhljómsveitinni í Mannheim. Hann ferðaðist síðan um og hélt tónleika í borgum Evrópu, bjó um tíma í Strasbourg og London. Ferill hans sem fiðlusnillings koðnaði smám saman niður og hann lést í fátækt árið 1801. Eftir lát hans fundust hjá honum greinar sem hann hafði ritað um gullgerðarlist. En ýmislegt fleira var fönðrað á heimilinu því eftir Stamitz liggja fleiri en 50 sínfónúr, meira en 38 konsertsínfónúr, meira en 60 konsertar fyrir ýmis einleikshljóðfæri og tvær óperur auk kammertónlistar af ýmsu tagi. Sumir af konsertum hans fyrir klarinett og víólu eru taldir með því besta sem samið var á þeim tíma.

**Sigurjón Jósef Magnússon** hefur stundað þverflautunám á Akranesi í tæp 10 ár og hefur ástríða hans fyrir tónlist þróast alla tíð síðan. Í dag er Sigurjón nemandi hjá Áshildi Haraldsdóttur, þverflautuleikara í Sínfóníuhljómsveit Íslands. Sigurjón hefur tekið þátt í mörgum tónlistarviðburðum á Höfuðborgarsvæðinu þar sem hann hefur spilað mismunandi verk og kynnst fjölbreyttum tónlistarstílum og tækni. Einnig hefur hann tekið þátt í uppskeruhátíð Nótunnar nokkrum sinnum og fengið viðurkenningar fyrir frammistöðu sína. Sigurjón stefnir nú á að taka framhaldspróf og verður með mjög spennandi og krefjandi efnisskrá.




**Camille Saint-Saëns** (1835-1921) samdi verkið *Morceau de concert* fyrir horn árið 1887, upphaflega með píanóundirleik í október en með hljómsveitarparti í nóvember. Verkið var þó ekki frumflutt fyrir en fjórum árum síðar. Það gerði hornleikarinn Henri Chaussier, en verkið var tileinkað honum. Um þær mundir var verið að leita leiða til að breyta hönnun hornsins og gera það „tónfræðivænna“. Chaussier var frumkvöðull á því sviði. Án þess að við reynum að skýra út ástæður breytinganna (þær eru illskiljanlegar venjulegu fólki) er rétt að geta þess að enn geisa líflegar umræður um þetta efni og sýnist sitt hverjum. En þetta snýst um ventla og baulur og hvort menn kalli nóturnar sem þeir spila réttum nöfnum eða einhverjum öðrum. *Morceau de concert* samanstendur af þremur stuttum köflum sem tengdir eru saman án bils. Hér verða fluttir tveir fyrri kaflarnir, *Allegro moderato* og *Adagio*.

**Kamilla Kerekes** fæddist árið 2010 í litlum bæ í Ungverjalandi, Kisvárdá. Hún var sjö ára þegar hún hóf tónlistarnám í horndeild tónlistarskóla Vikár Sándor í Nyíregyháza. Kennari hennar er Gábor Zsupos hornleikari. Í tónlistarskólanáminu tók hún þátt í ótal tónleikum, bæði í svæðis- og landskeppni. Dómnefndin lagði í hvert skipti áherslu á að leikur hennar væri á háu stigi miðað við aldur. Dugnaður hennar og þrautseigja er til fyrirmyndar. Kamilla fékk sérstaka gulleinkunn sem hæstu viðurkenningu í þessum keppnum. Árið 2021 hlaut hún fyrsta sæti í sínum aldursflokki í hornkeppni allra hornnema í Ungverjalandi. Kamilla fæst við margs konar tónlistariðkun: syngur í kór, leikur kammertónlist, spilar við píanóundirleik og hefur margra ára reynslu í lúðrasveitartónlist. Eftir grunnskólanámið vill hún halda áfram námi í tónlistarmenntaskóla. Hún hefur þrátt fyrir ungan aldur fengið mörg tækifæri til að koma fram á sviði víða um heim og fengið þannig víðtæka reynslu. Auk hæfileika sinna er hún mjög samviskusöm, vinnusöm og hógvær. Jafnvel í frítíma sínum reynir hún að þjálfa sig og auka þol og reynslu á því sviði sem hún hefur valið.




**Henryk Wieniawski** (1835 – 1880) var þóskur fiðlusnillingur, tónskáld og kennari sem oft er talinn í hópi merkustu fiðluleikara tónlistarsögunnar. Tónlistarhæfileikar hans komu snemma í ljós og voru gerðar sérstakar undanþágur til að veita honum skólavist í Parísarkonservatoríinu, bæði vegna þess að hann var ekki franskur og aðeins átta ára gamall. Þar stundaði hann nám frá 1843 til 1846 og aftur 1849. Eftir hann liggja 24 útgefin verk með ópus-númerum, þar á meðal tveir fiðlukonsertar og að auki nokkur óútgefin verk.

**Björney Anna Aronsdóttir** er fædd í Reykjavík árið 2010. Hún hóf fiðlunám 3ja ára gömul hjá Helgu Steinunni Torfadóttur í Suzukitónlistarskóla Reykjavíkur. Hún skipti yfir í Menntaskólann í tónlist haustið 2022 og hefur verið þar undir handleiðslu Auðar Hafsteinsdóttur. Björney hefur sótt fjölda námskeiða bæði hér heima og erlendis. Má þar helst nefna HIMA (Harpa International Music Academy) á Íslandi og Bryanston International Summer School í Englandi, Polstjärnepriset í Svíþjóð auk Suzukinámskeiða á Íslandi, Danmörku, Póllandi, Englandi, Ítalíu, Lettlandi og Litháen. Björney hlaut 2. verðlaun í Primuz, alþjóðlegri fiðlukeppni, árið 2021, einnig 2. verðlaun í fiðlukeppni á vegum pólska sendiráðsins á Íslandi árið 2020 og 3. verðlaun í sömu keppni árið 2019. Hún hefur tekið þátt í Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2022 og var 3. konsertmeistari hljómsveitarinnar í ár. Auk fiðlunáms stundar Björney hestamennsku af kappi og vinnur hjá Reiðskóla Reykjavíkur á sumrin. Hún hefur líka lært á píanó hjá Hönnu Valdísi, æft fimleika með Gerplu og Gróttu, sungið með Stúlknakór Reykjavíkur, lært dans í Jazzballetskóla Báru og æft sund og körfubolta.



**Felix Mendelssohn** (1809-1847): Fiðlukonsert Mendelssohns var frumfluttur 13. mars 1845 og hefur alla tíð síðan verið meðal vinsælustu og mest fluttu fiðlukonserta. Verkið var samið fyrir Ferdinand David sem var fremsti fiðluleikari þess tíma í Þýskalandi. David var náinn vinur Mendelssohns og samstarfsmaður og hafði hann mikil áhrif á gerð verksins. Eftir bréfaskiptum þeirra að dæma hófst tónskáldið handa við konsertinn sjö árum áður en hann var frumfluttur. Í bréfi árið 1838 segir Mendelssohn að konsertinn eigi að vera í e-moll og lýsir því hvernig byrjunarstefið láti hann ekki í friði.

**Sigrún Klausen** hóf tónlistarnám tveggja ára gömul við Allegro Suzukitónlistarskólann í Reykjavík. Hún stundaði píanónám fram að fjögurra ára aldri en hóf síðan fiðlunám hjá Guðmundi Kristmundssyni fimm ára gömul. Úr Allegro skólanum lá leiðin í Menntaskólann í tónlist þar sem Sigrún stundaði nám undir leiðsögn Auðar Hafsteinsdóttur en þaðan lá leiðin í Tónskóla Sigursveins þar sem Sigrún lauk framhaldsprófi undir leiðsögn Gretu Guðnadóttur. Sigrún hefur mikla reynslu af framkomu og tónleikahaldi. Hún hefur tvisvar verið konsertmeistari í Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna og verið leiðari Strengjasveitar Tónskóla Sigursveins ásamt því að leika einleik með sveitinni. Sigrún hefur sótt fjölda námskeiða hér á landi og erlendis og hefur m.a. verið konsertmeistari í strengjasveitum erlendis. Hún hefur einnig leikið með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og leikið einleik með Philharmonic Orchester Budweis í Sviss. Sigrún stundar nú nám við Listaháskóla Íslands hjá Sif M. Tulinius og stefnir á frekara framhaldsnám í tónlist erlendis.



**Edvard Grieg** (1843-1907) var aðeins 24 ára þegar hann samdi píanókonsertinn ópus 16, einn vinsælasta píanókonsert allra tíma. Tónskáldið var þá í Sölleröd í Danmörku sér til heilsubótar. Eins og mörg tónverk Griegs ber konsertinn sterk einkenni norskra þjóðlaga. Hann var frumfluttur í Kaupmannahöfn 1869 og var píanóleikarinn Edmund Neupert. Sagt er að Grieg hafi sjálfur ætlað sér að frumflytja konsertinn, enda frábær píanóleikari sjálfur, en hafi orðið að gefa það frá sér vegna annarra verkefna. Í salnum voru ýmis stórmenni tónlistarinnar, þar á meðal danska tónskáldið Niels Gade og rússneski píanóleikarinn Anton Rubinstein. Verkið var síðan frumflutt í heimalandinu sama ár, í Þýskalandi 1872 og Englandi 1874. Enn er sögð sú saga frá Róm 1870 að Liszt hafi leikið konsertinn beint af blaði fyrir tónlistarvini sína og gefið verkinu góða umsögn. En þetta hlýtur að vera tröllasaga. Konsertinn var gefinn út í Leipzig 1872. Grieg endurskoðaði píanókonsertinn að minnsta kosti sjö sinnum. Síðustu umritun gerði hann aðeins fáum vikum áður en hann lést og er það sú gerð hans sem hlotið hefur hinar miklu vinsældir sem verkið nýtur.

**Ásgerður Sara Hálfðanardóttir** er 17 ára og hefur stundað nám í píanóleik hjá dr. Nínu Margréti Grímsdóttur undanfarin 5 ár, fyrst í framhaldsdeild Tónskóla Sigursveins og nú í Tónlistarskóla Kópavogs. Hún hóf nám hjá Sigríði Freyju Ingimarsdóttur í Tónlistarskóla Garðabæjar og hefur unnið til fjölmargra verðlauna og komist í úrslit í píanókeppnum innanlands og erlendis. Má þar nefna konsertkeppni SÁ&Nótunnar 2024, Vienna Classic Stars International Piano Competition 2024, 12th International Piano Competition for Young Musicians 2024, Junior Nordic International Piano Competition 2023, EPTA-Belgium W-B Competition 2023, Malmö Yamaha Piano Competition 2022 og EPTA Iceland 2021. Ásgerður Sara hefur einnig komið fram á tónlistarshátíðum, svo sem Polstjærnepriset í Svíþjóð, French Academy Connection í Danmörku og Unglist í Hörpu. Ásgerður Sara stundar enn fremur nám í Verslunarskóla Íslands. Framundan eru tónleikar í Salnum á hátíð íslenskrar píanótónlistar „*Slagharpan syngur.*“

## Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

Konsertmeistari: Jónína Þ. Thorarensen

### 1.fiðla

Jónína Þ. Thorarensen  
Sólrun S. Kjartansdóttir  
Vera Ósk Steinsen  
Helga R. Óskarsdóttir  
Anna Katrín Hálfðanardóttir  
Jelena Kuzminova  
Yasney Rojano Cruz  
Irina Ovchinnikova  
Anna von Heinitz

### 2.fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Runólfur Jóhannsson  
Helga Andrésdóttir  
Elísabet Vala Guðmundsdóttir  
Martin Frewer  
Kate Nichols

### Víóla

Ásdís Runólfsdóttir  
Sigita Siciune  
Páll Ingvarsson  
Súsanna Friðriksdóttir

### Selló

Páll Einarsson  
Yana Prykodko  
Árni Inaba Kjartansson  
Guðrún Svana Hilmarsdóttir  
Anna Jórunn Stefánsdóttir

### Bassi

Dean Ferrell  
Kjartan Guðnason  
Olivia DeAngelis

### Flauta

Edda Kristjánsdóttir  
Bolli Þórsson

### Óbó

Sverrir Guðmundsson  
Guðrún Másdóttir

### Klarinett

Atli Már Baldursson  
Íris Orradóttir

### Fagott

Adam Flint

### Horn

Torfi Þór Gunnarsson  
Þorgerður Þorkelsdóttir  
Jóna María Ólafsdóttir

### Trompet

Jón Hafsteinn Guðmundsson  
Steinar Matthías Kristinsson

### Básúna

Rolf Gaedeke  
Hallvarður Einar Logason  
Ingibjörg Guðlaugsdóttir

### Semball

Pétur Nói Stefánsson

### Pákur

Breki Freysson

**Næstu tónleikar** hljómsveitarinnar verða laugardaginn 15. febrúar 2025 og verða samvinnuverkefni með Kammerkór Seltjarnarneskirkju. Flutt verður meðal annars Messa eftir þýska barokktónskáldið J. D. Heinichen, sem aldrei hefur verið flutt áður hér á landi. Stjórnendur verða Friðrik Vignir Stefánsson og Oliver Kentish.

**Hljómsveitin þakkar** Seltjarnarneskirkju fyrir ómetanlega aðstöðu í kirkjunni og Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskólum Hafnarfjarðar og Seltjarnarness fyrir lán á hljóðfærum. Hljómsveitin nýtur styrks frá Reykjavíkurborg til tónleikahalds 2024.